

Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2026

SÁLF3SM05

Kennari	Ægir Karl Ægisson, aegir.aegisson@fss.is										
Viðtalstími	Mánudagar kl. 10:25-11:20										
Námsefni	- Flokkun geðraskana (DSM-5) eftir Kristján Guðmundsson, 2013. Fæst í bókabúðum. - Efni frá kennara á Innu.										
Áfangalýsing	Fjallað verður um geðraskanir, helstu kenningar um orsakir þeirra og helstu meðferðaform. Nemendur vinna mismunandi heimildarverkefni með tilvísanir í fræðigreinar meðal annars enskar ritrýndar fræðigreinar. Meginmarkmið áfangans er að nemendur auki þekkingu sína og skilning á geðheilsu og læri að afla sér frekari heimilda á fræðilegan hátt.										
Námsmat og vægi námsmatsþátta	Símatsáfangi ☒ Lokapróf ☐ Sleppikerfi ☐										
	<table> <tr> <th>Heiti</th><th>Vægi</th></tr> <tr> <td>Verkefni úr köflum 1 og 2</td><td>25%</td></tr> <tr> <td>Verkefni úr köflum 3 og 4</td><td>25%</td></tr> <tr> <td>Verkefni úr Flokkun geðraskana</td><td>25%</td></tr> <tr> <td>Greiningarverkefni</td><td>25%</td></tr> </table>	Heiti	Vægi	Verkefni úr köflum 1 og 2	25%	Verkefni úr köflum 3 og 4	25%	Verkefni úr Flokkun geðraskana	25%	Greiningarverkefni	25%
Heiti	Vægi										
Verkefni úr köflum 1 og 2	25%										
Verkefni úr köflum 3 og 4	25%										
Verkefni úr Flokkun geðraskana	25%										
Greiningarverkefni	25%										

Grunnþættir menntunar	Læsi: Í sálfræðiáföngum er unnið með læsi þannig að nemendur lesa, greina og túlka texta, hugtök, rannsóknir og gögn í tengslum við viðfangsefni áfangans. Þeir þjálfast í gagnrýnni hugsun og að miðla þekkingu á skýran hátt. Sjálfbærni: Í sálfræðiáföngum tengist sjálfbærni ábyrgð einstaklingsins gagnvart sjálfum sér, öðrum og samfélaginu. Nemendur skoða til dæmis hvernig viðhorf, gildi, hegðun og ákvarðanatataka geta haft áhrif á einstaklinga og samfélag. Heilbrigði og velferð: Í sálfræðiáföngum er eftir því sem við á fjallað um þætti sem tengjast andlegri, félagslegri og líkamlegri velferð. Þar má til dæmis skoða sjálfsmynd, tilfinningar, streitu, þroska, samskipti, hegðun og líðan. Lýðræði og mannréttindi: Í sálfræðiáföngum er unnið með lýðræði og mannréttindi í gegnum umræður um mannlega hegðun, samskipti og ólík sjónarmið. Nemendur þjálfast í að hlusta, taka þátt í umræðum, rökstyðja skoðanir og bera virðingu fyrir öðrum. Jafnrétti: Í sálfræðiáföngum er fjallað um jafnrétti með því að skoða hvernig einstaklingar mótask af umhverfi sínu og samfélagslegum aðstæðum. Þar er til dæmis skoðað áhrif kyns, menningar, félagslegrar stöðu og annarra þátta á líðan og tækifæri. Sköpun: Í sálfræðiáföngum fá nemendur tækifæri til að vinna skapandi með viðfangsefni áfangans, eftir því sem við á. Nemendur tengja fræðileg hugtök við raunveruleg dæmi, settar fram spurningar, unnin verkefni og miðlað niðurstöðum á fjölbreyttan hátt.
-----------------------	---

Þekking	Leikni
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • Geðheilsu og helstu geðröskunum. • Helstu hugtökum, kenningum og meðferðarformum varðandi geðraskanir. • Áhrifum eigin hugsana á tilfinningar og upplifanir. • Helstu orsökum og afleiðingum streitu og aðferðum til að draga úr streitu.	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • Lesa sér til gagns í íslenskum og erlendum fræðiritum. • Koma þekkingu sinni á framfæri í ræðu og riti. • Fjalla um og bera saman sálfræðileg hugtök og kenningar. • Greina helstu flokka geðraskanana. • Nota heimildir á viðurkenndan hátt. • Beita streitulosandi aðferðum og þjálfa jákvæðan hugsunarhátt.
Hæfni	
Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • Tjá sig skipulega og gagnrýnið um einstaka efnispætti. • Geta tekið þátt í umræðum um geðheilsu. • Afla sér upplýsinga á sjálfstæðan hátt, bæði úr íslenskum og erlendum heimildum. • Tileinka sér fordómalaus viðhorf. • Geta unnið í samvinnu við aðra. • Geta tekið ábyrgð á eigin námi og beitt öguðum vinnubrögðum. • Gera sér grein fyrir hvernig stuðla má að eigin geðheilbrigði.	

Vinnuáætlun		
Tímasókn	15 vikur x 3 klst.	45 klst.
Verkefni úr köflum og Flokkun geðraskan	15 vikur x 3 klst.	45 klst.
Greiningarverkefni	15klst	15klst.
Alls		105klst. = 5 ein

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
2. vika 24.-28. ágúst	Kynning	
3. vika 31. ágúst-4. september	1. kafli – Hvað er klínísk sálfræði? Verkefni 1.1 birt	
4. vika 7.-11. september	1. kafli – Hvað er klínísk sálfræði? Verkefni 1.2 birt	Verkefni 1.1
5. vika 14.-18. september	2. kafli – Streita og úrræði Verkefni 2.1 birt	Verkefni 1.2
6. vika 21.-25. september	2. kafli – Streita og úrræði Verkefni 2.2 birt	Verkefni 2.1
7. vika 28. september-2. október	3. kafli – Afbrigðilegt atferli Verkefni 3.1 birt	Verkefni 2.2
8. vika 5.-9. október	3. kafli – Afbrigðilegt atferli Verkefni 3.2 birt	Verkefni 3.1
9. vika 12.-16. október	4. kafli – Flokkun og mat Verkefni 4.1 birt	Verkefni 3.2
10. vika 19.-23. október	4. kafli – Flokkun og mat Verkefni 4.2 birt Greiningarverkefni afhent	Verkefni 4.1
VETRARLEYFI 23.-26 OKTÓBER		
11. vika 26.-30. Október	Taugaþroskanir Verkefni 5.1 birt	Verkefni 4.2
12. vika 2.-6. nóvember	Geðklofaraskanir Verkefni 5.2 birt	Verkefni 5.1
13. vika 9.-13. nóvember	Þunglyndisraskanir Verkefni 5.3 birt	Verkefni 5.2
14. vika 16.-20. nóvember	Kvíði Verkefni 5.4 birt	Verkefni 5.3
15. vika 23.-27. nóvember	Efnatengdarraskanir Verkefni 5.5 birt	Verkefni 5.4
16. vika 30. nóvember-4. desember	Frágangur	Verkefni 5.5 Greiningarverkefni skilað

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Ægir Karl Ægisson